

Gæðahandbók leikskóla Garðabæjar - Bæjarból

Útgáfa nr. 02	Læsisstefna	Númer: 8.2.1
---------------	-------------	--------------

Skrifað af: Anna Bjarnadóttir	Staðfest af:	Staðfest dags.:	Kemur í stað dags.:
----------------------------------	--------------	-----------------	---------------------

Formáli:

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 kemur fram að læsi er einn af grunnþáttum menntunar og eitt af fjórum námssviðum leikskólans er læsi og samskipti. Læsisstefna Bæjarbóls er hluti af skólanámskrá leikskólans þar sem gerð er grein fyrir hvernig unnið er með námssviðið læsi og samskipti, helstu áherslur og leiðir til að vinna með þær.

Læsi felur í sér annað og meira en að lesa stafi af bók, það felur einnig í sér færni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá eigin tilfinningar og upplifun. Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til tjáskipta og í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grunnur að málþroska barna. Ábyrgð foreldra og starfsmanna leikskólans er mikil þegar kemur að málþroska barna, því börnin læra það sem fyrir þeim er haft. Vanda þarf málfar í samskiptum við börn, tala við þau, lesa fyrir þau, setja orð á hluti og tilfinningar og vera góð málfyrirmynd í hvívetna. Málskilningur og máltjáning leikskólabarna er misjafn eftir aldri, þroska og uppruna.

Markmið varðandi læsi í leikskóla:

- Að efla málþroska
- Að efla orðaforða og hugtakaskilning
- Að kynna fyrir börnum fjölbreyttan texta og lesa bækur/sögur sem hæfa aldri
- Að kenna söngtexta, þulur og leiki sem efla tjáningu og málskilning
- Að hafa ritmál sýnilegt og aðgengilegt í leikumhverfinu
- Að hvetja til ritunar og stafabekkingar
- Að hafa fyrir börnum vandað málfar
- Að efla hljóðkerfisvitund í gegnum leik með markvissri málörvun
- Að kenna börnunum tákni með tali

Áherslur:

Unnið er með læsi í öllu daglegu starfi þar sem það tengist inn í öll námssvið leikskólans á fjölbreyttan máta.

Helstu áhersluþættir sem unnið er með eru:

- Orðaforði og málskilningur
- Hlustun og hljóðkerfisvitund
- Tjáning og framburður
- Ritmál

Páttur	Leið	Hvenær	Hver
Orðaforði og málskilningur	Lesmál, hópastarf, umræður, þema, spil, leikir, hreyfistundir, vettvangsferðir, umönnunarstundir, veggspjöld	Hópastarf 1x-3x í viku, Lesmál daglega á öllum deildum, þemastundir 1x í viku, frjáls leikur daglega, hreyfistundir 1x í viku, útivera daglega, vettvangsferð 1x í viku, samverustundir á hverjum degi	Kennarar á deild, íþróttakennari
Hlustun og hljóðkerfisvitund	Lesmál, markvissar málörvunarstundir, samverustundir, hópastarf, þema, lærum og leikum með hljóðin,	MM 2x í viku hjá 4 og 5 ára. Sögustundir/lesmál/samverustundir daglega á öllum deildum Lærum og leikum með hljóðin á yngri deildum 1x í viku	Kennarar á deild
Tjáning og framburður	Söngur, framsögn, samverustundir, tákn með tali, vinastundir, borðþjónar, veðurfræðingar	Söngur alla daga, söngsalur á föstudögum, kynnir i söngsal, samverustundur/ávaxtastundir 2x á dag, vinastund 1x í viku, hópastarf 1x-3x í viku, MM 2x í viku hjá 4 og 5 ára, ný tákn með tali sett upp í annarri hverri viku	Kennarar á deild, sérkennslustjóri
Ritmál/stafir og hljóð	Skriffæri aðgengileg, bókstafir og tölustafir sýnilegir, spil, veggspjöld, merkingar víða, bókaormur, bækur aðgengilegar, börn á eldri deildum merkja sjálf myndirnar sínar, nota tákn fyrir fyrsta stafinn í nafninu, spil, lærum og leikum með hljóðin. Skoðunarbækur	Á hverjum degi, listasmiðja, hópastarf, MM, frjáls leikur, bók dagsins/vikunnar sett upp í bókaorm á vegg, samverustund Lærum og leikum með hljóðin 1x í viku á yngri deildum Bækur aðgengilegar á öllum deildum	Kennarar á deild

Taflan er ekki tæmandi

Margvíslegar leiðir til að vinna með orðaforða og málskilning birtast í tengslum við **daglegar venjur** leikskólans, þ.e. í fataklefa, við matarborð, á salerni, við komu og brottför og ekki síst úti á leiksvæðinu. Einnig í gegnum einstaklings umönnun, hópleiki, söng, lestur, leik og alla samveru starfsmanna við börnin.


Á sama máta er unnið með hlustun og hljóðkerfisvitund á fjölbreyttan hátt með markvissri málörvun, lesmáli, leiki og samtölum við börnin við fjölbreyttar aðstæður.

Mikilvægt er að byggja upp öryggi meðal barnanna við að tjá sig og æfa sig í tungumálinu ásamt því að koma fram fyrir hópinn. Slíkt er gert meðal annars með því að skipa í hlutverk kynna á söngsal,

borðþjóna og veðurfræðinga á deildum. Öll börn æfa lag vikunnar sem er sungið fyrir framan hina í sal. Einnig er unnið með tjáningu í samverustundum, hópastundum, í gegnum skapandi starf og við matarborðið meðal annars.

Ritmálið gert sýnilegt í umhverfinu. Börnin fá nafnið sitt á forskriftarblaði á eldri deildum og eru hvött til að merkja verk sín sjálf. Börnin fá táknið fyrir nafnið sitt og læra táknið með tali. Ýmis veggspjöld eru upp á veggjum þar sem sjá má bókstafi og tölustafi. Bækur eru aðgengilegar.

Nánar um leiðir til læsis á Bæjarbóli



Mynd sem sýnir leiðir til læsis á Bæjarbóli


Markviss málörvun:

Unnið er með markvissa málörvun í skipulögðum stundum tvisvar í viku með fjögurra og fimm ára börnum. Verkefni eru unnin upp úr bókunum „**Markviss málörvun, þjálfun hljóðkerfisvitundar**“ eftir Helgu Friðfinnsdóttur, Sigrúnu Löve og Þorbjörgu Þóroddsdóttur, „**Leggðu við hlustir**“ eftir Arnheiði Borg, Áslaugu Hartmannsdóttur, Eirík Ellertsson og Ingibjörgu Símonardóttur, einnig er notast við viðbótarefni úr bókinni „**Ég get lesið**“ eftir Kristínu Arnarsdóttur. Markviss málörvun örvar og eykur málvitund barna og er forvarnarstarf gegn lestrarörðugleikum. Áhersla er á hlustunarleiki, rímleiki, setningar og orð, samstöfur, forhljóð og hljóðgreiningu. Stundirnar eru 20 fyrir áramót og 20 eftir áramót. Markviss málörvun er

forvarnarstarf gegn lestrarörðuleikum og góður grunnur fyrir áframhaldandi lestrarnámi. Í lok vetrar fara börnin í könnun í markvissri málörvun.

Lesmál og bækur:

Fyrsta lestrarkennsla barna á sér stað þegar barn er tekið í fangið, bók opnuð og rætt um myndir. Því er lestur sagna og samræður í leikskóla mikilvæg forsenda læsis svo og hlutverk foreldra í mál- og læsisþroska barna. Bókalestur hefur jákvæð áhrif á málþroska, bernskulæsi og lestrarfærni. Þar er tungumálið í aðalhlutverki.



Hópur	Bók	Orð
Risaeðliþúpur	Rauðhettis	Ísálleg Húfur
Fuglahúpur	Óþjónn Láman Lámi	HAFS GAAFI
Fíbrilshúpur	Amúskungur Linnur af spáki	DAF Súðstungur

Unnið er með verkefnið **Lesmál, sögu- og samræðustundir í leikskólanum**. Í lesmálinu er unnið er með sömu barnabókina í nokkra daga, hún er lesin, rædd og orð úr sögunni valin til kennslu. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að nota þau orð og hugtök sem verið er að kenna úr sögunum þannig að þau verði á endanum hluti af virkum orðaforða barnanna. Orð eða hugtök eru höfð sýnileg foreldrum og börnum á deildum og í fataherbergjum.

Þriggja til fimm ára börnin teikna einnig myndir tengdar sögunum og safna saman. Myndirnar eru að loknum vetri bundnar saman í bók. Miklar umræður verða um söguna á meðan þau teikna myndirnar og rifja upp söguþráðinn.

Bækur eru aðgengilegar á hverri deild, bókasafn leikskólans er vel skipulagt og aðgengilegt starfsfólki og börnin hvött til að koma með bækur að heiman. Eldri deildar heimsækja bókasafn Garðabæjar reglulega.

Til viðbótar við lesmál eru sagðar sögur án bóka, loðtöflusögur og notast við handbrúður til að glæða sögur auknu lífi.

Tákn með tali:


Á Bæjarbóli er notað tákn með tali í starfinu á öllum deildum. Tákn með tali er tjáskiptaaðferð sem byggir á hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli. Áhersla er lögð á að tákna lykilorð hvernar setningar, táknin eru bendingar, látbragð og svipbrigði að viðbættum táknum úr táknmáli heyrnarlausra.



Aðferðin er málörvandi og skemmtilegt tæki fyrir öll ung börn og hjálpar þeim sem sérstaklega þurfa á málörvun að halda. Sett eru upp á öllum deildum tákn vikunnar og eru fjögur tákn tekin fyrir hverju sinni sem hanga uppi í tvær vikur í senn. Þessi tákn eru sýnileg öllum og geta foreldrar skoðað táknin með börnunum og tekið þannig þátt í verkefninu með okkur. Borðþjónar nota tákn með tali til að segja frá því hvað er í hádegismat og einnig nota kynnar í söngsal tákn með tali við kynningu á sjálfum sér.

Ritmál sýnilegt:

Barnið kynnist ritmálinu fyrst í gegnum leik og smátt og smátt lærir það bókstafi, áttar sig á lestrarátt og að orð eru búin til úr hljóðum sem það þekkir. Ritmál er haft sýnilegt víða, stólar og hólfi barnanna merkt. Veggspjöld með bókstöfum, tölustöfum og orðum upp á veggjum ásamt fleiru.



Ferðir:

Allir aldurshópar fara í vettvangsferðir vikulega ef veður og aðstæður leyfa. Yngstu börnin fara mjög stutt rétt út fyrir leikskólalóðina en smám saman verða ferðirnar lengri. Í vettvangsferðum er leitast við að auka við orðaforða barna, ræða um veðurfar, umhverfi, heimilisföng, götunöfn, náttúru og dýralíf. Elstu börnin ganga upp á “toppa”, sem eru hæðir í nágrenninu og þau sammælast um að nefna ákveðnu örnefni.

Ritun-myndlist:

Öll börnin í leikskólanum æfa fínhyfingar á fjölbreyttan hátt með því að perla, púsla, leira, pinna og teikna í rólegri stund að morgni. Fjölbreytt sköpunarvinna er í listasmiðju reglulega og tengist gjarnan þema, árstíðum eða upplifun barnanna.

Á eldri deildum er frjálst aðgengi að ritföngum og pappír. Þar eru börnin hvött til að merkja verkin sín sjálf og æfa mikið ritun í elstu barna verkefnum, þemastarfi, fugli vikunnar og í frjálsum leik.



Fugl vikunnar er verkefni barna í elsta hópnum þar sem þau fræðast um einn fugl aðra hvora viku yfir vetrartímam, læra um helstu hagi þeirra, heiti og útlitseinkenni. Þau teikna jafnframt myndir af fuglunum sem er safnað saman og hver og einn útbýr sína eigin fuglabók.

Samverustundir:

Samverustundir eru á hverjum degi þar sem rætt er um dagatalið, farið yfir tákni vikunnar, sungið, farið í leiki og borðaðir ávextir. Á eldri deildum er einnig veðurfræðingur valinn sem fer yfir veðrið og klæðnað í útiveru og borðþjónar sem sjá um að aðstoða við matmálstíma. Samverustundir eru kjörin tækifæri til hvers konar málörvunar, leikja, tjáningar og samskipta.



Söngvar, ljóð og þulur:

Söngur er veigamikill í daglegu starfi og sungið á hverjum degi. Á föstudögum koma öll börnin saman í söngsal og syngja með og fyrir hvert annað. Börnin læra nýja texta, ljóð og þulur. Orðaforði texta getur verið flókin og farið yfir hvað orðin þýða, hvað sungið er um og textinn ræddur. Mikið er unnið með ljóð og þulur í markvissri málörvun.

Tjáning og framsögn:

Mikilvægt er að byggja upp öryggi meðal barnanna við að tjá sig og æfa sig í tungumálinu ásamt því að koma fram fyrir hópinn. Slíkt er gert meðal annars með því að skipa í hlutverk kynna á söngsal, borðþjóna og veðurfræðinga á deildum. Öll börn æfa lag vikunnar sem er sungið fyrir framan hina í sal. Einnig er unnið með tjáningu í samverustundum, hópastundum, í gegnum skapandi starf og við matarborðið meðal annars. Ekki síst þurfa börnin að upplifa að á þau sé hlustað og læra að eiga í góðum samskiptum hvert við annað. Lögð er áhersla á að heilsast að morgni og kveðja í lok dags.



Stafir og hljóð:

Ung eru börn farin að tengja saman stafi og hljóð. Lærum og leikum með hljóðin er námsefni sem nýtist meðal annars í markvissri málörvun með ungum börnum. Bókstafir eru sýnilegir á öllum deildum og börnin læra að þekkja sinn eigin staf og sitt eigið nafn. Í markvissri málörvun er unnið með tengingu á stöfum og hljóðum og að þekkja fyrsta og síðasta hljóð í orði. Merkingar eru víða og börnin fara að tengja orð, myndir og hljóð saman. Fjölbreytt leikefni í boði sem tengist bæði bókstöfum og tölustöfum, sem og verkefni.



Spil og leikir:

Spil eru frábær tæki til málörvunar og mikið notuð í leikskólanum. Dæmi um málörvunarspil eru samstæðuspil, bingóspil, stafaspil, hefðbundin spil, skák, borðspil, hljóðaspil og fleira. Mikilvægt er að starfsfólk setji orð á hluti og fái börn til að endurtaka og tjá sig. Ýmsir málörvunarleikir finnast jafnframt í fjölbreyttum forritum fyrir Ipad.

Þema:


Þemað er ákveðið viðfangsefni sem tekið er fyrir í hópastarfi yfir veturinn. Yfirheiti á þema er alltaf „Ég sjálfur og...“, en mismunandi er eftir árum hvort megináhersla í þema er á umhverfið, lífsleikni eða listir. Námsvið leikskólans fléttast því inn í þemavinnuna á margvíslegan hátt.

Lífsleikni:

Börnin á bæjarbóli eru þátttakendur í vináttu verkefni í samstarfi við Barnaheill á Íslandi. Þar er mikið unnið með hugtökin hugrekki, virðingu, umburðarlyndi og umhyggju. Hugtökin umhyggja, vinátta og kærleikur eru þeim mjög töm enda mikið notuð í daglegu starfi leikskólans og lögð áhersla á að þau sýni hvert öðru umhyggju frá unga aldri. Á eldri deildum má gjarnan heyra sagt „Stopp kæri vinur“ þegar þau vilja ekki eitthvað og þau eru minnt á að nota orðin sín þegar þau lenda í ágreiningi.

Hreyfing og jóga :

Öll börn leikskólans fara í markvissar hreyfistundir 1x í viku og eldri börnin auk þess í jóga vikulega. Í hreyfistundum eflast börnin meðal annars í hlustun, að fara eftir fyrirmælum, ýmis hugtök eru lögð inn eins og stöðuhugtök og hugtök sem tengjast líkamanum, hreyfingu og heilsu.



Skráningar og mat:

Við mat á málþroska er á Bæjarbóli notast við Hljóm 2, skimun talmeinafræðings og markvissa málörvunarkönnun með elstu börnum. Með yngri börnum er notast við Tras skráningarlista. Skráð er í heilsubækur allra barna.

Heilsubók barnsins:

Við upphaf leikskólagöngu á Bæjarbóli fær hvert barn Heilsubók barnsins og í hana er skráð heilsufar, hæð og þyngd, næring og svefn, lífsleikni, hreyfing og listsköpun. Skráning í heilsubækur fer fram tvisvar á ári, haustönn og vorönn og farið yfir hana í foreldraviðtali að vori.

Hljóm-2 :

Hljóm - 2 er aldursbundin skimun sem kannar færni tengda hljóðkerfis- og málmeðvitund. Höfundar Hljóm-2 eru Ingibjörg Símonardóttir talmeinafræðingur, Dr. Jóhanna Einarsdóttir, talmeinafræðingur og lektor og Dr. Amalía Björnsdóttir dósent í aðferðarfræði.

Hljóm-2 er byggt á rannsóknum sem stóðu yfir í 6 ár og sýna að mikið samband er að milli slakrar hljóð- og málvitundar og síðari lestrarfærni.

Hljóm – 2 er lagt fyrir öll 5 ára börn í leikskólanum í októbermánuði og ef fram koma vísbendingar um frávik þá getur leikskólinn unnið sérstaklega með þá þætti með barninu. Prófið er svo lagt fyrir aftur í febrúar til að meta framför og stöðuna.

Skimun talmeinafræðings:

fer fram að hausti og niðurstöður skoðaðar í tengslum við Hljóm-2 til að meta stöðu barna í elsta hópi.

Markviss málörvunarkönnun:

fer fram að vori til að meta hvort börnin hafi náð að tileinka sér helstu þætti sem unnið er með í markvissri málörvun yfir veturinn.

Tras – skráningarlistar :

TRAS (n: Tidlig registrering af språkuvikling), er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

Upplýsingablað til grunnskóla:

Fyrir foreldrasamtal að vori taka elstu börnin með heim upplýsingablað sem þau fylla út með foreldrum sínum og gefa svörin vísbendingar um þeirra eigin hugrenninga til dæmis hvað þeim finnst skemmtilegt, hvaða bekkjarfélagi þau vildu eiga og hverju þau eru góð í svo fátt eitt sé nefnt. Þau teikna einnig sjálfsmynd og skrifa nafnið sitt á blaðið.

Samstarf við foreldra

Mikilvægt er að eiga í góðu samstarfi við foreldra, upplýsa og fræða um stöðu barnsins og námið í leikskólanum og leggja áherslu á mikilvægi lesturs fyrir börn. Upplýsingaflæði um áherslur í starfi leikskólans skipta einnig máli þannig að foreldrar geti byggt ofan á það sem unnið er í leikskólanum og þeir þurfa að vera meðvitaðir um sína ábyrgð í að örva málþroska barna sinna. Foreldrar eiga alltaf að geta leitað til starfsmanna með fyrirspurnir og óskir um sérfræðiþjónustu eða ráðgjöf ef þeir telja þess þurfa.

Börn með annað tungumál en íslensku

Börn með annað/önnur tungumál en íslensku læra eins og önnur börn í máltöku best með því að nota öll skynfæri, gera hlutina sjálf, reyna á sig og hlusta á aðra. Í leikskólanum er passað upp á að einn starfsmaður deildar þar sem er barn með annað tungumál taki að sér að vera lykilpersóna eða tengiliður við foreldra barnsins í samstarfi við sérkennslustjóra. Þetta á sérstaklega við um börn sem koma frá heimilum þar sem annar eða báðir foreldrar eru erlendir með litla íslenskukunnáttu. Börn sem þurfa á því að halda fá myndrænar orðabækur og foreldrar fá stuðning og sérstakar upplýsingar um ýmis atriði er varða leikskólann og nám barnsins. Færni þessara barna er metin sem fyrst og komið af stað íhlutun til að styrkja færni þeirra í íslensku máli, skilningi og tjáningu.

Sérkennsla

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri og megin verkefni hans eru að bera ábyrgð á og stjórna skipulagingu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum ásamt leikskólastjóra. Sérkennslustjóri er einnig faglegur umsjónarmaður sérkennslu í leikskólanum, annast frumgreiningu og ráðgjöf til annara starfsmanna leikskólans.

Á Bæjarbóli er sérkennslan útfærð með þeim hætti að unnið er með litla barnahópa til örva og styrkja mismunandi þroskaþætti. Hugmyndafræði um nám án aðgreiningar er okkar leiðarljós þar sem við teljum að börn læri best í samskiptum við önnur börn. Í okkar huga er hvert og eitt barn einstakt og taka þarf tillit til þarfa allra. Við teljum nauðsynlegt að börnin fái að blómstra í leikskólanum og styrkleikar þeirra fái notið sín. Einn mikilvægasti þátturinn í starfi sérkennslustjóra er að koma upplýsingum til starfsfólks og foreldra, en slíkt flæði er nauðsynlegt til að byggja upp traust og virðingu.

Talmeinafræðingur kemur einu sinni í viku og vinnur í nánu samstarfi við sérkennslustjóra og deildarstjóra.

Afrit:

- | | | |
|----------------------------------|-------------------------------------|-----------------------------------|
| <input type="checkbox"/> Móholt | <input type="checkbox"/> Hnoðraholt | <input type="checkbox"/> vinaholt |
| <input type="checkbox"/> Nónholt | <input type="checkbox"/> Hraunholt | |